

Hvolsskóli 100 ára þann 10. október nk.

Fyrir 100 árum síðan þann 10. október 1908 var Barnaskóli Hvolhrepps settur í fyrsta skipti að Stórólfsþholi nánar tiltekið í þinghúsi sveitarinnar. Skólahverfið var Hvolhreppur.

Þessara tímamóta í starfi skólans verður minnst á margvíslegan hátt á afmælisárinu:

- á afmælisdaginn 10. október munu nemendur og kennarar ganga gamlar gönguleiðir nemenda í Hvolsskóla frá völdum bæjum í Hvolhreppi og enda í Skólaskógi þar sem vígð verður ný útikennslustofa sem skólinn fær að gjöf í tilefni 100 ára afmælisins. Í Skólaskógi verður viðstöddum boðið til hádegisverðar á vegum mötuneytis Hvolsskóla þar sem grillmatur pylsur og hamborgarar eru í boði Sláturfélags Suðurlands.
- ætlunin er að minnast 100 ára afmælisins með einum viðburði í mánuði á skólaárinu tengdum sögu Hvolsskóla s.s með árshátíðum, jólaföndri, blaðaútgáfu o.fl.
- við hvetjum alla sem tók hafa á að taka þátt í hátíðahöldum vetrarins með okkur í Hvolsskóla hvort heldur er að ganga með okkur gamlar skólaleiðir þann 10. október eða gleðjast með okkur á afmælishátíð 31. október, koma í skólann og segja skólasögu frá liðnum árum nú eða að lána okkur mynd eða sögu í 100 ára afmælisrit Hvolsskóla.
- vegleg afmælishátíð verður haldin í Hvolsskóla 31. október nk. þar sem allir gamlir nemendur og kennarar eru sérstaklega boðnir velkomnir. Afmælishátíðin 31. okt. nk. verður nánar auglýst síðar.
- alla þá sem luma á gömlum myndum og sögum úr skólastarfinu frá liðinni tíð biðjum við um að hafa samband við okkur í Hvolsskóla. Líka ef þú vilt benda á einhvern sem þú heldur að lumi á einhverju þá vinsamlega láttu okkur vita um þann einstakling.
- að loknu afmælisári Hvolsskóla munum við á margvíslegan hátt gera öllum barnaskólum sem starfað hafa í Rangárþingi eystra á liðnum 100 árum góð skil.

Til hamingju með afmælið Hvolsskóli.

Unnar Þór Böðvarsson, skólastjóri